

Forsætisráðuneytið

Minnisblað til ráðherra/ráðuneytisstjóra

Viðtakandi: **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis**
Sendandi: **Forsætisráðuneytið; skrifstofa stefnumála**
Dagsetning: **14.11.2022**
Málsnúmer: **FOR22080103**
Bréfalykill: **3.0**
Tilgangur: Til ákvörðunar Skv. beiðni
 Til upplýsingar Til undirritunar
 Til fróðleiks Skv. beiðni ráðherra
Mikilvægi: Mjög áriðandi Mikilvægt Berist ráðherra

Efni: Minnisblað til allsherjar- og menntamálanefndar um innsendar athugasemdir um frumvarp til laga um Vísinda- og nýsköpunarráð; þingskjal 189 – 188. mál.

Minnisblað þetta er sent samkvæmt beiðni allsherjar- og menntamálanefndar sem fram kom á fundi hennar dags. 3. nóvember sl. þess efnis að forsætisráðuneytið ynni samantekt um umsagnir sem borist hafa um frumvarp forsætisráðherra um Vísinda- og nýsköpunarráð (þingskjal 189 – 188. mál).

Kynning

Frumvarp til laga um Vísinda- og nýsköpunarráð felur í sér heildarendurskoðun laga um Vísinda- og tækniráð nr. 2/2003. Frá því að þau lög voru samþykkt hafa miklar breytingar orðið á málaflokki vísinda, tækniþróunar og nýsköpunar, en yfirstjórn málaflokksins og hlutverk ráðsins hafa staðið óbreytt. Á þessu tímabili hafa ítrekað komið fram ábendingar í erlendum og innlendum úttektum á íslenska vísinda- og nýsköpunarkerfinu um að endurskoðun sé nauðsynleg og breytinga þörf.

Meginmarkmið frumvarpsins (sbr. 1. gr. frumvarpsins) er að efla vísindastarf, tækniþróun og nýsköpun hér á landi svo styrkja megi íslenskt þekkingarsamfélag og auka samkeppnishæfni íslensks efnahags og atvinnulífs með því að efla stefnumótun og auka samhæfingu á sviði vísinda, tækniþróunar og nýsköpunar. Veigamesta breytingin á núverandi fyrirkomulagi sem lögð er til er aðskilnaður ráðgefandi og stefnumótandi hlutverks ráðsins. Þannig verði annars vegar starfandi ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun sem samræmi stefnu stjórnvalda og hins vegar sjálfstætt faglegt Vísinda- og nýsköpunarráð sem verði ráðgefandi.

Um samráð

Efni frumvarpsins hefur þrívægis verið birt í samráðsgátt stjórnvalda. Tillaga verkefnishóps um endurskoðun lagaumhverfis Vísinda og tækniráðs var birt í ágúst 2020, drög frumvarpsins í mars 2021 og að nýju í ágúst 2022. Allsherjar- og menntamálanefnd óskaði eftir skriflegum umsögnum við frumvarpið í október síðastliðnum og bárust nefndinni sjö umsagnir.

Umsagnir við drög frumvarpsins í samráðsgátt í ágúst 2022

Í ágúst 2022 voru drög frumvarpsins birt í samráðsgátt stjórnvalda (mál nr. S-150/2022). Bárust þá sjö umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Háskóla Íslands, Orkuveitu Reykjavíkur ásamt dótturfélaga, Háskólanum á Hólum, Rannsóknarmiðstöð Íslands (Rannís), Verkfræðingafélagi Íslands, Samtökum sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra og að lokum sameiginleg umsögn frá Samtökum atvinnulífsins þar sem heildarendurskoðun laga um Vísinda- og tækniráð er fagnað, einkum ákvæðum um langtímastefnumótun um málefni vísinda, tækniþróunar og nýsköpunar, öflugri gagnagreiningu og eftirfylgni með auknu sam-starfi og samhæfingu á milli ráðuneyta. Veigamestu athugasemdirnar vörðuðu áhyggjur af þeirri breytingu sem felst í því að aðgreina ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun frá Vísinda- og nýsköpunarráði og því að mögulega tapist þar mikilvægt samráð við hagsmunaaðila. Gagnstæð sjónarmið komu þó fram frá öðrum umsagnaraðilum sem töldu slíka

skiptingu vænlega til árangurs.

Háskóli Íslands og Rannís ítreka fyrri umsagnir þess efnis að gjalda þurfi varhuga við því að aðskilja stefnumótun og ráðgjöf á málefnasviðinu líkt og frumvarpið kveður á um með lög-fest-ingu ráðherranefndar og lögbundnu ráðgefandi hlutverki Vísinda- og nýsköpunarráðs. Háskóli Íslands hvetur til þess að í frumvarpinu sé kveðið á um mikilvægi reglubundins sam-ráðs ráðherra, vísindasamfélagsins og atvinnulífsins á málefnasviðinu til að takast á við marg-víslegar samfélagslegar áskoranir. Til að koma til móts við framangreind sjónarmið var mikil-vægi reglubundinna funda Vísinda- og nýsköpunarráðs með ráðherranefnd árettað í greinargerð frumvarpsins.

Í sameiginlegri umsögn Samtaka atvinnulífsins (SA) og Samtaka iðnaðarins (SI) segir að sú breyting að Vísinda- og nýsköpunarráð verði smærra en Vísinda- og tækniráð sé jákvæð. Í umsögn Samtakanna eru fyrri umsagnir um mikil-vægi þess að samtökin tilnefni fulltrúa í tilnefningarnefnd ítrekaðar. Rök samtakanna eru sú að mikil-vægt sé að Vísinda- og nýsköpunarráð sé skipað öflugum fulltrúum atvinnulífsins sem hafa þekkingu og reynslu á sviði nýsköpunar og yfirsýn yfir alþjóðlega samkeppnishæfni Íslands á þessu sviði.

Þá er vert að halda til haga athugasemdum um nauðsyn endur-skoð-unar laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, nr. 3/2003, einkum er varðar mikil-vægi þess að auka sveigjanleika Markáætlunar. Í umsögn Háskólans á Hólum var kallað eftir betri skilgreiningu á hugtakanotkun þannig að rök séu færð fyrir að nota hugtakið nýsköpun í stað tækni. Við þeirri athugasemd var brugðist í greinargerð með ítarlegri skil-grein-ingu á hugtakinu nýsköpun.

Umsagnir sem bárust allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis í október 2022

Allsherjar- og menntamálanefnd bárust sjö umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Auðnu tæknitorg, Háskóla Íslands, Landsvirkjun, Rannsóknarmiðstöð Íslands (Rannís), Samtökum frumkvöðla og hugvitsmanna, Samtökum Iðnaðarins, Verkfræðingafélagi Íslands. Í meirihluta umsagnanna er endurskoðun laganna fagnað.

Auðna tæknitorg, Verkfræðingafélag Íslands, Samtök Iðnaðarins og Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna gera athugasemd um 5. gr. sem kveður á um hlutverk og samsetningu tilnefningarnefndar. Hér vísar ráðuneytið til þess að í greinargerð frumvarpsins kemur fram að tilnefningarnefnd á að vinna í samráði við ráðuneyti og hagaðila þegar hún óskar tilnefninga í Vísinda- og nýsköpunarráð og geri á grundvelli samráðs tillögu að ráði með það að markmiði að í því sitji fulltrúar með fjölbreytta reynslu og þekkingu af vísindum, tækniþróun og nýsköpun og opinberri stefnumótun, bæði af innlendum og erlendum vettvangi. Samsetning Vísinda- og nýsköpunarráðs á þ.a.l. ekki að ráðast af bakgrunni þeirra fulltrúa sem veljast til starfa í tilnefningarnefnd.

Aftur á móti má vísa til þess að eftir fyrra samráðsferli um frumvarpið (mars 2021) var tekin ákvörðun um að koma til móts við umsagnir frá heildarsamtökum launafólks og fjölga um tvo fulltrúa í tilnefningarnefnd. Rökin fyrir þeirri ákvörðun lutu m.a. að því hlutverki ráðsins að tryggja að stefnumótun á sviði menntunar og fræðslu sé í samræmi við þarfir vinnumarkaðar og atvinnulífs en meðal aðgerða í Vísinda- og tæknistefnu sem nær til árána 2020-2022 er kveðið á um að stjórnvöld móti í samstarfi við hagsmunaaðila færni- og hæfnistefnu fyrir íslenskt atvinnulíf.

Samtök iðnaðarins gera athugasemd við að gerð hafi verið breyting á orðalagi í 5. gr. um tilnefningarnefnd og óskar eftir að horfið verði til orðalags í fyrri drögum að frumvarpinu þ.e. að Samtök atvinnulífsins tilnefni fulltrúa í tilnefningarnefndina í samráði við Samtök iðnaðarins í stað þess að segja að fyrirtæki í atvinnurekstri tilnefni fulltrúa. Ráðuneytið gerir ekki athugasemd við þá tillögu samtakanna.

Í umsögn Landsvirkjunar er lögð til breyting á 5. gr. frumvarpsins til að skerpa á því hvaða þekking skuli vera til staðar innan ráðsins – „auk þess skal tilnefningarnefnd tryggja að þekking á helstu samfélagsáskorunum og lykilatvinnugreinum hverju sinni sé til staðar innan ráðsins“. Ráðuneytið telur að bæta mætti þessari setningu við umfjöllun um tilnefningarnefnd í nefndaráliti um frumvarpið.

